



MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Námsáætlun - Haust 2025
Franska 6.bekkur - VAL (FRAN2VA05)
Frönsk menning og kvikmynd

Kennslugögn

- Efni af Internetinu, lög og lagatextar, blaðagreinar, ljóð, kvikmyndir o.fl.
- Mappa til að safna í aukaefni og skriflegum verkefnum.
- Stílabók eða laus línustrikuð blöð.
- Fra/ísl og ísl/fra orðabækur (ókeypis á netinu): [Snara](#) og [Lexía](#)

Aðal viðfangsefni áfangans er París. Mun námsefnið á árinu tengjast borginni, sögu hennar, menningu, listum og daglegu lífi í frönskumælandi landi. Nemendur munu vinna með ýmsskonar efni tengt borginni, texta, léttlestrarbók, stuttmyndir og kvikmyndir, lagatexta og fleira. Sérstök áhersla verður lögð á að æfa tal og samskipti við mismunandi aðstæður. Til að þjálfa þessi atriði munu nemendur vinna margsskonar samtalsverkefni. Þeir munu einnig halda kynningar á íslensku um ýmislegt sem tengist borginni.

Námskeiðið verður blanda af staðnámi og fjarnámi.

Á vormisseri munu nemendur og kennarar fara í nokkurra daga ferð til Parísar. Þar verður farið í skoðunarferðir, nemendur kynnst lífinu í borginni, samgöngukerfinu og afla sér efnis sem nýtt verður í lokaverkefni áfangans.

Skyldubátttaka er í ferðina og telst hún sem ein eining. Ekki er boðið upp á verkefni í stað ferðar. **Athugið** að greiða þarf u.þ.b. **50.000 kr. staðfestingargjald 15. september**. Sem viðmið má geta þess að ferðin í ár kostaði um 135.000 kr.

Þeir nemendur sem stunda keppnisíþróttir, tónlistar-eða dansnám eða aðra svipaða afþreyingu utan skólans þurfa að gæta þess að gera ráðstafanir til að forðast árekstur viðburða við dagsetningar ferðarinnar til Parísar.

Athugið að áfanginn er þriggja eininga. Tveir tímar eru í töflu, þriðji tíminn er ætlaður í ferðina til Parísar.

Vikuáætlun haust 2025

Vika	Yfirferð
1. 20.-22. 08	Kynning á námskeiðinu, hugstormur – Notre programme idéal à Paris. Kynning á ferðinni og kostnaðinum.
2. 25.- 29. 08.	Matarmenningin í París – les spécialités culinaires parisiennes. Æfingar: að panta á veitingahúsi, kaffihúsi eða í bakaríi.
3. 01.- 05. 09.	Pönnukökubakstur. Æfingar: að panta pönnukökur með áleggjum (frh.).
4. 08.-12. 09.	París á samfélagsmiðlunum: reel-myndbönd um París í samfélagsmiðlunum. Spilatími – Le jeu des sept familles des lieux à Paris.
5. 15.-19. 09.	Skilaverkefni unnið heima. Að búa til stutt reel-myndband á frönsku.
6. 22.-26. 09.	Kynning á samgöngum í París (strætó, neðarjarðarlest, sporvagn o.s.frv.). Lag: „Il est cinq heures, Paris s'éveille“ – Jacques Dutronc
7. 29.09.- 03.10.	Samgöngur (framhaldið). Æfingar: að rata og fara um í borginni. Að spyrja og vísa til vegar, raðtölur.
8. 06.-10. 10.	Verkefni unnið heima. Að búa til leiðarlýsingu með neðarjarðarlestarkerfið.
9. 13.-17. 10	Kvikmynd: „Amélie“ eftir Jean-Pierre Jeunet.
10. 20.-23. 10 Hausthlé 24.10.	Kvikmynd: „Amélie“ eftir Jean-Pierre Jeunet. Samantekt á frönsku.
11. 29.- 31. 10. Starfsdagar kennara 27. og 28. 10	Verkefni unnið heima. Stutt verkefni tengt bíómyndinni.
12. 03.-07. 11.	Fatabúðir í París. Æfing: að fá upplýsingar í fatabúðum.
13. 10.-14. 11.	Escape Game. Rattleikur um menningu Parísar.
14. 17.-21. 11.	Spurningakeppni um París. Klisjur um Frakka.
15. 24.-28. 11.	Jólin í París – Lag „Petit papa Noël“ og jólaföndur. Samantekt og kynning á vormisserinu (Saga Parísar, minnismerki, söfn, pakka inn, kynningar, spilatímar o.s.frv.).

Námsmatið er símat sem byggir á nokkrum skilaverkefnum, frammistöðu nemenda í staðtímum, hóp- og einstaklingsverkefnum og einu lokaverkefni. Öll verkefni gilda til lokaeinkunnar. Einnig er farið fram á fulla mætingu í staðtíma og kemur einkunn fyrir mætingu inn í lokaeinkunn. Einkunnir og umsagnir verða gefnar fyrir verkefnin, en lokaeinkunn verður í formi stafsins „**M**“, sem þýðir staðist.

Athugið

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öllu stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð- og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.

Námsáætlun og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar